

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 6. apríl 2010

**Umsögn Barnaheilla, Save the Children, á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum. (138. löggjafarþing 2009–2010. Þskj. 339 — 293. mál.)**

Barnaheill, Save the Children, á Íslandi taka undir rök flutningsmanna frumvarpsins Samtökin telja mikilvægt að loka því gati sem er á núverandi löggjöf þannig að framleiðendur og dreifingaraðilar geti ekki farið í kringum bannið á auglýsingum á áfengi. Samtökin telja eigi að síður að 3.mgr. 20. gr. laganna þurfi að vera enn skýrari en lagt er til í frumvarpinu og ákveðnara sett fram, til að taka af allan vafa um að ekki sé hægt að fara í kringum lögin.

Að mati Barnaheilla styður frumvarpið við þau réttindi barna sem kveðið er á um í 17. og 24. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í 17.grein er kveðið á um rétt barna til að hafa aðgang að upplýsingum og jafnframt um skyldu aðildarríkja til að vernda börn fyrir efni sem getur skaðað velferð þeirra. Í 24. grein er kveðið á um rétt barna til að njóta besta mögulegs heilsufars og að aðildarríki skuli stuðla að fræðslu um heilbriggt líferni og ryðja úr vegi hefðum sem skaða heilsu barna.

**Barnaheill taka sérstaklega undir rökstuðning í eftirfarandi köflum:**

**1. 3.2 Auglýsingabann sem forvörn**


**3.3.5 Fræðsla**

**7.2 Áfengisauklýsingar og ungmenni**

**7.8 Er hægt að ná heilbrigðismarkmiðum eftir öðrum leiðum?**

Virðingarfyllst,

f.h. Barnaheilla, Save the Children, á Íslandi

  
Petrína Ásgeirsdóttir,  
framkvæmdastjóri

